

31. mars 2020

## Fréttatilkynning

### Yfirlýsing EBA um arðgreiðslur, kaup á eigin hlutabréfum og breytilegar þóknarir

Í yfirlýsingu frá 12. mars 2020 hvatti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (European Banking Authority, EBA) bankastofnanir eindregið til að fylgja varfærnislegri stefnu um arðgreiðslur og aðrar greiðslur, þ.m.t. breytilegar þóknarir og nota fjármagn fremur til að tryggja samfelld fjármagnsflæði til hagkerfisins.

Ýmis lögbær yfirvöld hafa tilkynnt bönkum um væntingar sínar hvað þetta varðar eða staðið fyrir tvíhliða samtölum við þá varðandi takmörkun eða frestun á arðgreiðslum og kaup á eigin hlutabréfum.

EBA styður allar ráðstafanir sem gerðar hafa verið til þessa í því skyni að tryggja bönkum öflugan eiginfjárgrunn og veita hagkerfinu nauðsynlegan stuðning. Einnig leggur EBA áherslu á að eiginfjárstuðningur sem stafar af aðgerðum lögbærra yfirvalda vegna yfirstandandi COVID-19-faraldurs skuli nýttur til að fjármagna fyrirtæki og heimili en ekki til að hækka arðgreiðslur eða kaupa eigin hlutabréf í þágu hluthafa.

EBA gerir sér grein fyrir því að sumir bankar hafa nú þegar tilkynnt áform um frestun. Til þess að standa vörð um fjárhagsstyrk bankakerfisins hvetur EBA alla banka til að halda að sér höndum varðandi arðgreiðslur og kaup á eigin hlutabréfum ef slíkar ráðstafanir gætu leitt til dreifingar fjármagns út fyrir bankakerfið. Telji banki að honum sé skylt að lögum að greiða arð eða kaupa eigin hlutabréf skal hann leita til lögbærra yfirvalda. EBA telur áriðandi að tryggja skilvirka og varfærnislega úthlutun fjármagns innan bankasamstæðna og er þeirrar skoðunar að lögbær yfirvöld eigi að hafa eftirlit með slíkri úthlutun. Markmiðið með því að úthluta fjármagni innan bankasamstæðu á að vera að styðja svæðisbundin hagkerfi sem og evrópska hagkerfið almennt, auk þess að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins, sem er bráðnauðsynlegt við núverandi aðstæður.

Lögbær yfirvöld skulu biðja banka að endurskoða launastefnu, -venjur og -úthlutunarreglur sínar, til að tryggja að þær samræmist og stuðli að traustri og virkri áhættustýringu, ásamt því að endurspeglu núverandi efnahagsaðstæður. Ákvarða skal laun – og sér í lagi breytilegan hluta þeirra – með varfærni að leiðarljósi. Hægt væri að dreifa greiðslu verulegs hluta breytilegrar þóknunar yfir lengri tíma og greiða stærra hlutfall í formi eiginfjárgerninga í því skyni að samræma launa- og þóknargreiðslur við áhættuna sem stafar af COVID-19-heimsfaraldrinum.